

Mosfellsbær, 14.09.2020

Menntamálastofnun
b.t Bjarkar Ólafsdóttur
Víkurbær 3
203 Kópavogur

Menntamálastofnun óskaði eftir með tölvupósti sínu dags. 16. mars síðastliðinn til skólastjórnenda Varmárskóla og fræðsluyfirvalda í Mosfellsbæ eftir nánari skýringu á tveimur/þremur umbótaþáttum.

Annar þeirra umbótaþátta sem Menntamálastofnun óskaði nánari útskýringar á var umbótaþáttur 1.9 um að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að bættum samskiptum í skólasamfélaginu. Menntamálastofnun telur ekki er ljóst út frá þeim aðgerðum sem eru tilgreindar í umbótaáætluninni með hvaða hætti utanaðkomandi aðili kemur að málum.

Einnig umbótaþættir 4.2 og 4.3 um reglubundnar kannanir til að fylgjast með líðan nemenda, birta niðurstöður og vinna markvisst með þær. Samkvæmt umbótaþáttum 2.6, 2.8, 2.12, 2.13 og 2.14 sem vísað er til í áætluninni verður gripið til ýmiskonar aðgerða til að fá fram sjónarmið nemenda, en ekki er hægt að lesa út úr umbótaáætluninni að áætlað sé að leggja reglulega fyrir nemendakannanir og birta niðurstöður, eins og bent er á í matsskýrslu. Þar sem erfitt er að birta opinberlega niðurstöður um líðan nemenda sem aflað er með bekkjarfundum, nemendaviðtölum og sjálfsmatsviðtölum (sbr. Umbótaþáttur 2.14) þá biðjum við ykkur að skilgreina betur hvernig komið verður til móts við þessa ábendingu í matsskýrslu.

Svar við fyrirspurn Menntamálastofnunar frá 16. mars 2020

Umbótaáætlun Varmárskóla í kjölfar ytra mats Menntamálastofnunar er byggð upp á þann veg að annað hvort eru tilgreindar leiðir að umbótum til lengri eða skemmri tíma. Flestar þeirra leiða sem tilgreindar eru til framkvæmda eiga sér stað á núverandi skólaári (2020 – 2021). Í einstaka tilfellum eru settar fram leiðir sem ná til lengri tíma.

Í flestum tilfellum eru settar fram fyrstu aðgerðir og mat á þeim, áframhaldandi aðgerðir koma svo fram í næstu umbótaáætlun skólans (í lok hvers skólaárs) og taka þær mið af framkvæmd og mati á fyrri skrefum.

*Anna Greta Ólafsdóttir
Þórhildur Elfarsdóttir
skólastjórar Varmárskóla*

Umbótaáttur 1.9

Í umbótaáttu 1.9 eru tiltekin fyrstu skref til þess að komast nær því markmiði sem lagt var til grundvallar í skýrslu Menntamálastofnunar. Skólanum þótti ekki nægilega ljóst hvar meintur samskiptavandi lægi sem hefur töluverða þýðingu um með hvaða hætti utanaðkomandi ráðgjafi kæmi að málinu.

Fram kemur í umbótaáttu 1.9 að ekki ríki traust á milli stjórnar foreldrafélags skólans og stjórnenda skólans. Það er ekki tilgreint hvort það eigi við um nýja stjórn foreldrafélagsins eða nýjan skólastjóra (annan af tveimur) skólans og þá hvort átt er við allt stjórnendateymi skólans (skólastjórar og fimm deildasrstjórar). Matið fór fram í nóvember, en ný stjórn foreldrafélags tók til starfa í október og nýr skólastjóri í ágúst.

Það var því talið mikilvægt að afla nánari upplýsinga og gagna um málið svo hægt væri að leita utanaðkomandi ráðgjafar í kjölfarið. Að því loknu eiga að liggja fyrir nánari upplýsingar um ráðgjöf og umfang hennar.

Það er vert að taka það fram að utanaðkomandi ráðgjafi mun koma inn í skólann í september til að taka út og meta núverandi stjórnskipulag skólans. Í þeim tillögum munu ef til vill koma ábendingar hvað þetta varðar.

Á þessu skólaári mun Skólapúlsinn-foreldrakönnun verða lögð fyrir í öllum leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar en sú könnun hefur verið notuð í all flestum skólum hingað til. Varmárskóli mun óska eftir að settar verði inn aukaspurningar sem gætu aðstoðað við að greina málið frekar.

Áður hefur verið leitað utanaðkomandi ráðgjafar til Menntamálaráðuneytisins og Heimilis og skóla.

Um leið og varpað hefur verið frekara ljósi á eðli og umfang málsins verður lagt mat á hvaða frekari utanaðkomandi ráðgjafar er þörf á.

Umbótaáttur 4.2 og 4.3.

Það kemur fram víðar í skýrslunni að notaðar verða kannanir ýmist, nemenda-, foreldra- eða starfsmannakannanir. Eins og áður segir þá hefur verið tekin sú ákvörðun að allir leik- og grunnskólar munu einnig nýta sér kannanir Skólapúlsins ehf. Skólinn nýtir einnig og mun nýta áfram, Hagir og líðan ungs fólks sem lögð (Rannsókn og greining) er reglulega fyrir nemendahópin frá 5.-10. bekk og einnig Líðan könnun Varmárskóla fyrir nemendur frá 1. – 10 bekk sem námsráðgjafar skólans leggja fyrir.

Virðingarfyllst,

*Anna Greta Ólafsdóttir
Þórhildur Elfarsdóttir
skólastjórar Varmárskóla*